



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu

Nefndasvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd

Kópavogur, 1. apríl 2025.
Málsnr. 1910005/PBG/HH

Efni: Umsögn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) um tillögu til þingsályktunar um borgarstefnu, 158. mál.

Með vísan umsagnarbeiðnar vegna máls 158 – Borgarstefna, sem send var hinn 18. mars sl. vilja SSH koma eftirfarandi á framfæri. Áréttað skal að hér er aðeins litið til atriða er varða starfssvæði SSH:

SSH fagna borgarstefnu, enda mikilvægt að hér landi séu sjálfbær borgarsvæði sem eru eftirsótt til búsetu og atvinnu og standa vel í samkeppni við sambærileg svæði erlendis. Þá átti fulltrúi SSH sæti í starfshóp um mótun borgarstefnu.

SSH hafa lagt áherslu á að þó að um stefnu fyrir höfuðborg landsins sé að ræða, þá sé áhrifasvæðið höfuðborgarsvæðið allt. Starf SSH miðar að því að styrkja samstarf sveitarfélaga á því svæði, enda sé um eitt búsetu- og atvinnusvæði að ræða. Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa með sér samstarf í fjölmörgum málaflokkum t.d í skipulagsmálum með sameiginlegu svæðisskipulagi, samgöngumálum, loftslagsmálum, úrgangsmálum og rekstri almenningsgangna. Eru þetta mikilvægir þættir þegar kemur að samkeppnishæfni höfuðborgarsvæðisins sem þarf stöðugt að efla og þarfnast frekari athygli og stuðnings ríkisvaldsins.

Mikilvægt er að byggðastefna ríkisins horfi til höfuðborgarsvæðisins þegar kemur að byggðasjónarmiðum. Höfuðborgarsvæðið á fyrst og fremst í samkeppni við borgir erlendis um mannauð og fjárfestingar, fremur en önnur svæði innanlands. Á sama tíma og mikilvægt er að horfa til aðgerða til þess að styðja við aðrar byggðir landsins, þá er mikilvægt að horfa til þeirra þátta er gera höfuðborgarsvæðið að framúrskarandi borgarsamfélagi, þannig að fólk og fyrirtæki sem sem kjósa borgarsamfélag velji höfuðborgarsvæðið, frekar en borgir og þéttbýlisstaði í öðrum löndum. Því er stefna fyrir höfuðborgina og höfuðborgarsvæðið lyklatríði þegar horft er til þeirra þátta er hafa áhrif á val á búsetusvæði fyrir þau sem vilja lifa og starfa í borgarsamfélagi.

SSH telja þó að æskilegt væri að skýra betur hugtakaskilgreiningar í stefnunni. Hafa samtökin einnig gert athugasemdir við framangreint á fyrri stigum, þ.e. með umsögn sinni við drög að borgarstefnu sem send var innviðaráðuneytinu dags. 10. apríl 2024. Einhverjar breytingar virðast hafa verið gerðar síðan en þó er að mati SSH rétt að skerpa frekar á hugtakanotkun. Þannig er fjallað um „borgarsvæði Reykjavíkur og höfuðborgarsvæðisins“, t.a.m. í b.-lið 1. kafla. Þá er í stefnunni talað um „höfuðborgarsvæðið og borgarsvæðið allt“ og „höfuðborgarsvæðið og borgarsvæðið í heild“. Af lestrinum er hins vegar nokkuð óljóst hver skilgreining þessara hugtaka er, þ.e. hvort og þá hvaða munur er á „borgarsvæði Reykjavíkur“ og „höfuðborgarsvæðinu“. Skilgreining höfuðborgarsvæðis hlýtur að teljast skýr og óumdeild. Í tilviki Reykjavíkurborgar er hins vegar ekki fyllilega ljóst hvort átt er við höfuðborgarsvæðið allt eða aðeins landfræðilega afmörkun Reykjavíkurborgar þegar fjallað er um „borgarsvæði“. Þrátt fyrir hlutverk Reykjavíkurborgar sem höfuðborgar er að mati SSH mikilvægt, við stefnumótun í byggðamálum og gerð aðgerðaáætlunar á grundvelli borgarstefnu, að líta heildrænt á höfuðborgarsvæðið allt.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Páll Björgvin Guðmundsson
framkvæmdastjóri SSH